# Ísafjarðarbær

## Naustahvilft, útivistarsvæði. Tillaga að deiliskipulagi.
## Kynning á vinnslustigi.

**Greinargerð (útdráttur):**

Við Ísafjarðarbæ liggur vinsæl gönguleið frá þjóðveginum, Djúpvegi (61), upp í Naustahvilft um Kirkjubólshlíð. Göngustígur upp í hvilftina er farinn að láta á sjá og er fólk farið að velja sér aðrar leiðir upp hlíðina með tilheyrandi raski á gróðri. Áhugi er á því hjá Ísafjarðarbæ að skipuleggja svæðið og byggja upp sem góðan áfangastað, auka öryggi og vernda náttúru svæðisins.

Samhliða tillögu að deiliskipulagi verður unnin tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2028.

Meginmarkmið með gerð tillögu að deiliskipulagi er að bæta aðstæður fyrir gangandi vegfarendur, skilgreina útivistarsvæði og vinna að náttúruvernd, en með því að skilgreina gönguleiðir er hægt að vernda umhverfið fyrir átroðningi. Þeim fer fjölgandi sem fara um þetta fallega göngusvæði enda er það aðgengilegt, stutt frá þéttbýlinu á Ísafirði og útsýni úr hvilftinni er gott.

Tillaga er sett fram með greinargerð og uppdrætti dags. í desember 2017.

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði ________________ 201_ og í bæjarstjórn ________________ 201_.

Tillagan var auglýst frá ________________ 201_ með athugasemdafresti til ____________ 201_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda ______________ 201_.

___________________________

Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri




**Tillaga að deiliskipulagi:** Naustahvilft, útivistarsvæði í mkv. 1:2500



**Skýringarmynd:**
Hluti Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020

**Skýringar**

- Mörk skipulags
- Bílastæði
- lLeiðbeinandi staðsetning áningarstaða
- Staðsetning minnisvarða
- Leiðbeinandi lega gönguleiðar
- Reiðleið
- Skráðar fornleifar
- Ný lega þjóðvegar skv. aðalskipulagi
- Gangnamuni Álftafjarðagangna skv. aðalskipulagi

**Breyting:**

**Ísafjarðarbær**
Tillaga að deiliskipulagi
Naustahvilft, útivistarsvæði

| | |
|---|---|
| **DAGS.:** desember 2017 | **VERK/SKJAL:** A136-1224-U01 |
| **KVARÐI:** 1:2500 @ A2 | **TEIKN./YFIRFARIÐ:** ÞK/HB |

www.alta.is

S:\V0136\1224 Deiliskipulag Naustahvilft\Vinnugögn\A136-1224-U01 Naustahvilft.dwg